

## Elías Jónatansson



Ég hef undanfarin 5 ár starfað sem orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf, en var bæjarstjóri í Bolungarvík næstu 8 ár á undan. Fyrst eftir að ég lauk námi starfaði ég á verkfræðistofu en söðlaði síðan um og starfaði m.a. við framleiðslustjórnun, tæknimál og framkvæmdastjórn í fyrirtækjum tengdum sjávarútvegi og vinnslu sjávarafurða.

Ég útskrifaðist 1983 með próf í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands og útskrifaðist síðan með Masters próf í iðnaðarverkfræði frá Oregon State University 1986.

Ég var formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur þegar tekin var ákvörðun um að sameina sjóðinn Frjálsa lífeyrissjóðnum árið 2006, en við það fjölgaði sjóðfélögum Frjálsa um 4 þúsund. Ég tók fyrst sæti í stjórn Frjálsa árið 2007 og hef átt sæti í stjórn síðan þá.

### Stjórnarstarfið

Ég hef mikinn áhuga á að vinna áfram að eflingu sjóðsins með fjölbreyttri og skynsamlegri fjárfestingarstefnu fjárfestingarleiða hans.

Ég tel það mikilvægt að sjóðfélagar hafi raunverulegt val um leiðir við ávöxtun. Þannig geta þeir sjálfir tekið ákvarðanir um þá áhættu sem þeir eru reiðubúnir að taka varðandi fjárfestingu sinna fjármuna auk þess að hafa ákveðið val um hversu stór hluti skyldusparnaðar þeirra renni í séreign.

Það er þekkt staðreynd að vænt ávöxtun vex jafnan með aukinni áhættu. Að sama skapi á að vera hægt að treysta því að minni sveiflur verði í ávöxtun þeirra fjárfestingaleiða sem byggja á minni áhættu. Litlar sveiflur verða sérstaklega mikilvægar þegar sjóðfélagi nálgast lífeyristökualdur að ekki sé talað um sjóðfélaga sem þegar eru komnir á lífeyri. Fjárfestingarstefna áhættuminnstu leiðanna er því þannig samsett að líkur á að grípa þurfi til skerðingar réttinda eru hverfandi.

Það er mikilvægt að sjóðfélagar séu vel meðvitaðir um þetta samspil áhættu og væntrar ávöxtunar og taki sínar ákvarðanir út frá þeirri vitneskju. Það kemur oft fyrir að borin er saman ársávöxtun lífeyrissjóða án þess að tekið sé tillit til mismunandi áherslu í fjárfestingarstefnu þeirra og tilsvarende áhættu. Slíkur samanburður yfir stutt tímabil getur verið beinlínis villandi, enda er fjárfesting sjóðfélaga í framtíðar lífeyri langtímafjárfesting.

Það er því eitt mikilvægasta verkefni stjórnar hverju sinni að setja saman fjárfestingarstefnu fyrir mismunandi leiðir sem taka tillit til ólíkra viðhorfa sjóðfélaga til áhættu. Rétt er að geta þess að sjóðurinn býður einnig upp á að sjóðfélagi geti valið ævilínu þar sem fjármunir sjóðfélaga færast sjálfkrafa á milli fjárfestingarleiða eftir fyrirfram ákveðinni aðferð þannig að áhættan taki mið af aldri sjóðfélaga.

## Útvistun á rekstri

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur frá upphafi útvistað starfsemi sinni til eins rekstraraðila hverju sinni. Það fyrirkomulag hefur að mínu mati gengið vel, en fyrirkomulagið krefst þess jafnframt að stjórn sýni rekstraraðila gott aðhald.

Stöðugt þarf að vera að leita leiða til að ná árangri í lækkun rekstrarkostnaðar. Stjórn sjóðsins hefur ekki bein afskipti af einstökum rekstrarþáttum, en beitir aðhaldi í hvert sinn sem rekstrarsamningur er uppfærður eða endurnýjaður og er þá farið ítarlega yfir alla þætti samningsins og í kjölfarið settar fram samningskröfur Frjálsa í viðræðum við rekstraraðila. Það er eðlilegt að samningskröfurnar breytist með auknu umfangi sjóðsins, sem á að leiða til hlutfallslega lægri rekstrarkostnaðar.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur verið í fararbroddi varðandi aðgengi og viðmót í gegnum snjalltæki. Stjórn Frjálsa hefur lagt mikla áherslu á að halda þeirri þróun áfram og vill að sjóðurinn sé þar áfram í fremstu röð. Fyrir liggur að sú vegferð, sem leidd hefur verið af starfsmönnum rekstraraðila sjóðsins, Arion banka, hefur gengið afar vel og viðtökur sjóðfélaga hafa verið frábærar.

Maí 2022 - Elías Jónatansson